

## AUGLÝSING

### um gjaldskyldu á bílastæðum við Vesturgötu austan Ægisgötu, Reykjavík.

Borgarráð ákvað eftirfarandi á fundi sínum þann 13. mars 2008, með tilvísun til 20. gr. samþykktar um Bílastæðasjóð Reykjavíkur frá 1. mars 1988, sbr. 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987:

Almenn bílastæði við götukanta Vesturgötu milli Garðastrætis og Ægisgötu, verði gjaldskyld og skilgreind sem gjaldsvæði II.

Settir verði upp miðamæla á svæðinu með tímagjaldinu 80 krónur á klukkustund í samræmi við staðsetningu bílastæðanna á gjaldsvæði.

Ákvörðunin tekur þegar gildi.

*Borgarstjórinn í Reykjavík, 19. maí 2008.*

**Ólafur F. Magnússon.**

---

B-deild – Útgáfud.: 6. júní 2008